

Nd.

61. Frumvarp til laga

[58. mál]

um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

1. gr.

Eigendur þeirra fasteigna sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds skulu á árinu 1982 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

2. gr.

Skattskyldan hvílir á þeim aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I kafla laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt og auk þess bönkum og sparisjóðum og innlánsstofnunum.

3. gr.

Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1981 á þeirri fasteign sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádrögnum afgangsskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

Ef fasteignamatsverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

4. gr.

Við ákvörðun á því hvaða eignir myndi stofn til sérstaks eignarskatts skal miða við raunverulega notkun fasteignanna í árslok 1981.

Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annarra nota, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

5. gr.

Með skattframtali 1982 skal fylgja skrá yfir eignir þær sem falla undir lög þessi, ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatsverð, eða eftir atvikum kostnaðarverð þeirra, í árslok 1981. Ennfremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra, svo og upplýsingar um rúm- mál þeirra eigna sem um er getið í 2. mgr. 4. gr.

Þeir aðilar sem skattskyldir eru skv. 2. gr. laga þessara, en undanþegnir eru tekju- og eignarskattskyldu, skulu fyrir 31. maí 1982 skila skrá m skv. 1. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

6. gr.

Sérstakur eignarskattur skal nema 1,4% af skattstofni skv. 3. gr. Skattinn skal leggja á í heilum tugum króna þannig að lægri fjárhæð en 10 kr. sé sleppt.

Sérstakan eignarskatt sem ekki nær 1 500 kr. skal fella niður við álagningu.

7. gr.

Ákvæði VIII—XIV kafla laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts, eftir því sem við á, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

8. gr.

Skatt samkvæmt lögum þessum má draga frá tekjum rekstrarársins 1982 sem rekstrar- útgjöld við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1983. Þá er skatturinn til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskatts samkvæmt lögum nr. 75/1981, eftir reglum lokaákvæðis 1. mgr. 76. gr. þeirra laga.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1982.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði var lagður á í fyrsta sinn á árinu 1979. Hefur skatturinn síðan verið lagður á árlega samkvæmt sérstökum lögum sem gilt hafa fyrir eitt ár í senn. Í ár er skatturinn lagður á samkvæmt lögum nr. 17/1981 og er áætlað að tekjur af honum verði um 22 000 000 kr. Í fjárlögum fyrir árið 1982 er gert ráð fyrir að framhald verði á skattlagningu þessari. Af þeim sökum er frumvarp þetta lagt fram og er það efnislega samhljóða lögum nr. 17/1981. Í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 1982 er gert ráð fyrir að álagning skattsins nemi um 35 500 000 kr. en innheimta um 32 100 000 kr. að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum fyrri ára.